

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/6/EB

frá 30. janúar 1997

um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fódri(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/66/EB⁽²⁾, einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 11. gr. tilskipunar 70/524/EBE er aðildarríki sem, á grunni nýrra upplýsinga eða endurmats á eldri upplýsingum, eftir að umrædd ákvæði voru samþykkt, hefur ástæðu til að ætla að heilbrigði dýra eða manna eða umhverfinu stafi hættu af notkun eins af aukefnunum, sem skráð eru í I. viðauka, heimilt að fella tímabundið úr gildi leyfi til að nota það aukefni.

Danmörk og Þýskaland bönnuðu, annars vegar 20. maí 1995 og hins vegar 19. janúar 1996, notkun á sýklalyfinu avóparsíns í fódri á yfirráðasvæði sínu. Í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/524/EBE tilkynntu þessi tvö aðildarríki hvort um sig hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um ástæðurnar að baki ákvörðunum þeirra. Danmörk sendi þessar upplýsingar 20. maí og 13. júlí 1995 og Þýskaland sendi þær 5. mars 1996.

Í Danmörku og Þýskalandi er avóparsín talið hættulegt heilsu manna þar eð þetta sýklalyf í flokki glýkópeptíða geti, ef það er í fódri, leitt til myndunar þols gegn glýkópeptíðum í lyfjum handa mönnum. Talið er að þol sem skapast á þennan hátt kunni að skerða virkni helstu flokka sýklalyfja sem eru eingöngu notuð til að meðhöndla eða fyrirbyggja alvarlegar sýkingar í mönnum og þar af leiðandi er eitt af skilyrðunum, sem sett eru samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, fyrir því að leyfa notkun aukefnis ekki uppfyllt.

Framkvæmdastjórnin hefur ráðfært sig við vísindanefndina um fódur. Að undangenginni ítarlegri rannsókn komst nefndin að þeirri niðurstöðu, á álitinu sínu frá 21. maí 1996, að sökum skorts á afgerandi þáttum til að ákvarða samhengið milli orsakar og afleiðingar, með tilliti til þess hvort glýkópeptíðþolnar örverur úr dýrarikinu (iðrakeðjusýklar)

eða gen þeirra gegni einhverju hlutverki í sjúkdómum í mönnum, beri enga nauðsyn til að einskorða notkun glýkópeptíða við lyf handa mönnum. Nefndin viðurkennir þó að skýrslurnar frá Danmörku og Þýskalandi séu tilefni til alvarlegrar ihugunar og lýsir yfir því að hún muni leggja til að endurskoða skuli þegar í stað notkun avóparsíns sem aukefnis í fódri ef í ljós kemur að þol geti færst frá dýri til manns. Enn fremur mælir nefndin með þeirri varúðar-ráðstöfun að ekki verði samþykkt önnur aukefni í flokki glýkópeptíða, sem hafa verkun á sama stað og á sama hátt og sýkladrepanði avóparsín, fyrr en vísindanefndin er sátt við niðurstöður þeirra rannsókna sem enn er ólokið.

Enda þótt næg vísindagögn skorti til að staðfesta endanlega hættuna á þeirri færslu á þoli sem Þýskaland og Danmörk vitna til er ekki hægt, á grundvelli fyrirliggjandi vísindagagna, að útiloka þá hættu með fullri vissu.

Gera ber ýmsar rannsóknir til að auðveldara verði að skilgreina vandann varðandi hugsanlega myndun þols gegn sýklalyfjum sem notkun aukefna í fódri getur kallað fram og færst getur yfir í menn. Hrinda ber í framkvæmd, eins skjótt og auðið er, áætlun um eftirlit með þoli gegn örverum í dýrum sem hafa fengið sýklalyf.

Meðan þessi óvissa ríkir ber að gæta mikillar varkárni og forðast að taka þá áhættu að draga úr virkni tiltekinn glýkópeptíða, svo sem vankómýsins, sem eru ómissandi í lyfjum handa mönnum.

Líta ber á bann við notkun avóparsíns sem tímabundna ráðstöfun, sem hægt er að endurskoða verði efasemdunum um notkun avóparsíns sem aukefnis eytt í ljósi rannsókna sem enn er ólokið og eftirlitsáætlunarinnar sem hrint hefur verið í framkvæmd.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fódur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 35, 5.2.1997, bls. 11, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

(2) Stjtið EB nr. L 272, 25. 10. 1996, bls. 32.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 70/524/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

Framkvæmdastjórnin endurskoðar fyrir 31. desember 1998 ákvæði þessarar tilskipunar á grundvelli niðurstaðna úr:

- ýmsum rannsóknum á myndun þols vegna notkunar sýklalyfja, einkum glýkópeptíða, og
- áætluninni um eftirlit með þoli gegn örverum í dýrum sem hafa fengið sýklalyf, sem einkum skal framfylgt af einstaklingum sem bera ábyrgð á því að setja viðkomandi aukefni í dreifingu.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að ákvæðum viðaukans við þessa tilskipun eigi síðar en 1. apríl 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun

þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. janúar 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Í I. viðauka við tilskipun 70/524/EBE, A-hluta „Sýklalyf“, fellur niður liður nr. E 715, „avóparsín“, ásamt öllum tilheyrandi upplýsingum (efnaformúlu, lýsingu, tegund eða flokki dýra, hámarksaldri, lágmarksmagni, hámarksmagni, öðrum ákvæðum).

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/8/EB**frá 7. febrúar 1997****um breytingu á tilskipun ráðsins 74/63/EBE um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í dýrafæðu(*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAG-ANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/63/EBE frá 17. desember 1973 um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í dýrafæðu⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/25/EB⁽²⁾, einkum 6. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun 74/63/EBE er kveðið á um reglulega uppfærslu á viðaukunum við hana til að endurspegla framfarir í vísindum og tækni.

Í ljósi reynslunnar og til glöggvunar ber að telja upp þær greinar, sem viðaukarnir við tilskipun 74/63/EBE eiga við, í fyrirsögnum viðaukanna við þá tilskipun.

Fóðurefni, sem innihalda meira af óæskilegum efnum og afurðum en tilgreint er fyrir sömu efni í I. viðauka við tilskipun 74/63/EBE, er eingöngu heimilt að afhenda fódurblönduframléiðendum sem samþykktir eru í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 95/69/EB frá 22. desember 1995 sem setur skilyrði og ákveður fyrirkomulag fyrir samþykki og skráningu tiltekinna stofnana og milliliða sem starfa á sviði dýrafóðurs⁽³⁾. Eins og þegar hefur verið tilkynnt í tilskipun 96/25/EB um dreifingu fódurefna ber að bæta þessum óæskilegu efnum og afurðum við skrána í B-hluta II. viðauka við tilskipun 74/63/EBE andspænis samsvarandi fódurefnum, nema þau séu þegar skráð í tengslum við tiltekin fódurefni í A-hluta I. viðauka við tilskipun 74/63/EBE.

Þar eð hugtakið „fódurefni“ er komið í stað hugtakanna „óblandað fóður“ og „hráfefni“ í tilskipun 96/25/EBE virðist skynsamlegt að breyta viðaukunum til samræmis við þessa nýju hugtakanotkun.

Í tilskipun 74/63/EBE er kveðið á um að með reglulegu millibili skuli samþykkja samsteypa útgáfu viðaukanna til að fella inn í þá þær breytingar sem gerðar hafa verið

vegna framfara í vísindum og tækni. Frá því að tilskipunin var samþykkt hefur viðaukunum verið breytt margsinnis. Textarnir eru margir, flóknir og birtir í mörgum heftum Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna og því er erfitt að nota þá og því skortir þá þann skýrleika sem öll löggjöf ætti að hafa. Því ber að nýta þetta tækifæri til að steypa þeim saman.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:*1. gr.*

Viðaukarnir við þessa tilskipun komi í stað I. og II. viðauka við tilskipun 74/63/EBE.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 30. júní 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin setja reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. febrúar 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB L 48, 19.2.1997, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjttíð. EB nr. L 38, 11. 2. 1974, bls. 31.

(2) Stjttíð. EB nr. L 125, 23. 5. 1996, bls. 35.

(3) Stjttíð. EB nr. L 332, 30. 12. 1995, bls. 15.

I. VIÐAUKI

(2. gr. a (2. mgr.), 3. gr., 3. gr. a (2. og 3. mgr.), 4. gr., 8. gr. (2. mgr. a))

Efni, afurðir	Fóður	Hámarks magn í mg/kg (ppm) miðað við fóður með 12 % rakainnihaldi
(1)	(2)	(3)
A. Efni (jónir eða frumefni)		
1. Arsen	Fóðurefni, nema: — mjöl gert úr grasi, þurrkuðum refasmára og þurrkuðum smára og þurrkuðu sykkurrófudeigi og þurrkuðum sykkurrófumelassa — fosföt og fóður úr fiskvinnslu eða vinnslu annarra sjávardýra	2 4 10
	Heilfóður, nema: — heilfóður fyrir fisk	2 4
	Uppbótarfóður, nema: — Steinefnafóður	4 12
2. Blý	Fóðurefni, nema: — grænfóður — fosföt — ger	10 40 30 5
	Heilfóður	5
	Fóðurbætur, nema: — Steinefnafóður	10 30
3. Flúor	Fóðurefni, nema: — fóður úr dýrarákinu — fosföt	150 500 2 000
	Heilfóður, nema: — heilfóður fyrir nautgripi, kindur og geitur — í mjólk — annað — heilfóður fyrir svín — heilfóður fyrir alifugla — heilfóður fyrir kjúklinga	150 30 50 100 350 250
	Steinefnablöndur fyrir nautgripi, kindur og geitur	2 000 ⁽¹⁾
	Annað uppbótarfóður	125 ⁽²⁾
4. Kvikasilfur	Fóðurefni, nema: — fóður úr fiskvinnslu eða vinnslu annarra sjávardýra	0,1 0,5

Efni, afurðir	Fóður	Hámarks magn í mg/kg (ppm) miðað við fóður með 12 % rakainnihaldi	
(1)	(2)	(3)	
5. Nítrít	Heilfóður, nema: — heilfóður fyrir hunda og ketti	0,1 0,4	
	Fóðurbætur, nema: — fóðurbætur fyrir hunda og ketti	0,2	
	Fiskimjöl (gefið upp sem natríumnítrít)	60 (gefið upp sem natríumnítrít)	
	Heilfóður, nema: — heilfóður fyrir önnur gæludýr en fugla og skrautfiska	15 (gefið upp sem natríumnítrít)	
6. Kadmíum	Fóðurefni úr jurtaríkinu	1	
	Fóðurefni úr dýraríkinu, nema: — gæludýrafóður	2	
	Fosföt	10 ⁽³⁾	
	Heilfóður fyrir nautgripi, kindur og geitur, nema: — heilfóður fyrir kálfa, lömb og kiðlinga	1	
	Annað heilfóður, nema: — gæludýrafóður	0,5	
	Steinefnafóður	5 ⁽⁴⁾	
	Annað uppbótarfóður fyrir nautgripi, kindur og geitur	0,5	
B. Afurðir			
1. Aflatoxín B ₁	Fóðurefni, nema: — jarðhnetur, kópra, pálmahnetur, baðmullarfræ, babassú og maís ásamt aukaafurðum þeirra	0,05 0,02	
	Heilfóður fyrir nautgripi, kindur og geitur, nema: — mjólkurkúr — kálfa og lömb	0,05 0,005 0,01	
	Heilfóður fyrir svín og alifugla (nema ung dýr)	0,02	
	Annað heilfóður	0,01	
	Uppbótarfóður fyrir nautgripi, kindur og geitur (nema uppbótarfóður fyrir mjólkurkúr, kálfa og lömb)	0,05	

Efni, afurðir	Fóður	Hámarks magn í mg/kg (ppm) miðað við fóður með 12 % rakainnihaldi
(1)	(2)	(3)
	Uppbótarfóður fyrir svín og alifugla (nema ung dýr)	0,03
2. Blásýra	Annað uppbótarfóður Fóðurefni, nema: — línfræ — línfrækökur — maniókarótarafurðir og möndlukökur	0,005 50 250 350 100
3. Óbundið gossýpól	Heilfóður, nema: — heilfóður fyrir kjúklinga Fóðurefni, nema: — baðmullarfrækökur Heilfóður, nema: — heilfóður fyrir nautgripi, kindur og geitur — heilfóður fyrir alifugla (nema varphænur og kálfa) — heilfóður fyrir kanínur og svín (nema mjólkurgrísi)	50 10 20 1 200 20 500 100 60
4. Þeóbrómín	Heilfóður, nema: — heilfóður fyrir fullvaxna nautgripi	300 700
5. Rokgjörn mustarðsolía	Fóðurefni, nema: — repjufrækökur Heilfóður, nema: — heilfóður fyrir nautgripi, kindur og geitur (nema ung dýr) — heilfóður fyrir svín (nema mjólkurgrísi) og alifugla (gefið upp sem allýlísóþíósýanat)	100 4 000 (gefið upp sem allýlísóþíósýanat) 150 (gefið upp sem allýlísóþíósýanat) 1 000 (gefið upp sem allýlísóþíósýanat) 500 (gefið upp sem allýlísóþíósýanat)
6. Vinýlþíóoxasólídón (Vinýloxasólídínþíón)	Heilfóður fyrir alifugla, nema: — heilfóður fyrir varphænur	1 000 500
7. Grasdrjólaveppur (<i>Claviceps purpurea</i>)	Allt fóður sem inniheldur ómalað korn	1 000

Efni, afurðir	Fóður	Hámarks magn í mg/kg (ppm) miðað við fóður með 12 % rakainnihaldi
(1)	(2)	(3)
8. Illgresisfræ og aldin, ómöluð og ómarin em innihalda beiskjuefni, glúkósíð eða önnur eiturefni, ein sér eða saman, þar á meðal	Allt fóður	3 000
a) <i>Lolium temulentum</i> L.,		1 000
b) <i>Lolium remotum</i> Schrank,		1 000
c) <i>Datura stramonium</i> L.		1 000
9. Laxerolíutré — <i>Ricinus communis</i> L.	Allt fóður	10 (gefið upp sem laxerolíutréshýði)
10. <i>Crotalaria</i> spp.	Allt fóður	100
11. Aldrín	} Allt fóður nema: — fita	} 0,01 0,2
12. Díeldrín		
13. Kamferklór (toxafen)	Allt fóður	0,1
14. Klórdan (summa sis- og trans-ísómera og oxýklórdans, gefin upp sem klórdan)	Allt fóður nema: — fita	0,02 0,05
15. DDT (summa DDT-, TDE- og DDE-ísómera, gefin upp sem DDT)	Allt fóður nema: — fita	0,05 0,5
16. Endósúlfan (summa alfa- og beta-ísómera og endósúlfan-súlfats, gefin upp sem endósúlfan)	Allt fóður nema: — maís — olíufræ — heilfóður fyrir fisk	0,1 0,2 0,5 0,005
17. Endrín (summa endríns og delta-ketó-endríns, gefin upp sem endrín)	Allt fóður nema: — fita	0,01 0,05
18. Heptaklór (summa heptaklórs og heptaklór-epoxíðs, gefin upp sem heptaklór)	Allt fóður nema: — fita	0,01 0,2
19. Hexaklóróbensen (HCB)	Allt fóður nema: — fita 0,2	0,01 0,2
20. Hexaklórósýklóhexan (HCH)		
20.1. alfa-ísómerar	Allt fóður nema: — fita 0,2	0,02 0,2
20.2. beta-ísómerar	Fóðurböndur, nema: — fóður fyrir mjólkurkúr	0,01 0,005
	Fóðurefni, nema: — fita	0,01 0,1
20.3. gamma-ísómerar	Allt fóður nema: — fita	0,2 2,0

Efni, afurðir	Fóður	Hámarks magn í mg/kg (ppm) miðað við fóður með 12 % rakainnihaldi
(1)	(2)	(3)
<p>C. Grasafræðileg óhreinindi</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Apríkósa — <i>Prunus armeniaca</i> L. 2. Beisk mandla — <i>Prunus dulcis</i> (Mill.) D. A. Webb var. <i>amara</i> (DC.) Focke (= <i>Prunus amygdalus</i> Batsch var. <i>amara</i> (DC.) Focke) 3. Óafhýdd beykihmeta — <i>Fagus silvatica</i> L. 4. Camelina — <i>Camelina sativa</i> (L.) Crantz 5. <i>Mowrah</i>, <i>Bassia</i>, <i>Madhuca</i> — <i>Madhuca longifolia</i> (L.) Macbr. (= <i>Bassia longifolia</i> L. = <i>Illipe malabrorum</i> Engl.) <i>Madhuca indica</i> Gmelin (= <i>Bassia latifolia</i> (Roxb.) = <i>Illipe latifolia</i> (Roxb.) F. Mueller) 6. Purghera — <i>Jatropha curcas</i> L. 7. Krótón — <i>Croton tiglium</i> L. 8. Indverskur mustarður — <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. et Coss. ssp. <i>integrifolia</i> (West.) Thell 9. Sarystamustarður — <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. et Coss. ssp. <i>juncea</i> 10. Kínverskur mustarður — <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. et Coss. ssp. <i>juncea</i> var. <i>lutea</i> Batalin 11. Svartur mustarður — <i>Brassica nigra</i> (L.) Koch 12. Eþíópískur mustarður — <i>Brassica carinata</i> A. Braun 	<p>Alt fóður</p>	<p>Fræ og aldin þeirra plöntu- tegunda sem taldar eru upp hér til hliðar ásamt unnum afleiðum þeirra eru einungis leyfileg sem ómælanleg snefil- efni í fóðri</p>

(1) Aðildarríkjunum er einnig heimilt að mæla fyrir um hámarksflúormagn sem nemur 1,25 % af fosfatmagninu.

(2) Flúormagn á hvern hundraðshluta fosfórs.

(3) Aðildarríkjunum er einnig heimilt að mæla fyrir um 0,5 mg hámarkskadmíummagn á hvern hundraðshluta fosfórs.

(4) Aðildarríkjunum er einnig heimilt að mæla fyrir um 0,75 mg hámarkskadmíummagn á hvern hundraðshluta fosfórs.

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

(2. gr. a (2. mgr.), 3. gr. a, 3. gr. c)

Efni, afurðir	Fóður	Hámarks magn í mg/kg (ppm) miðað við fóður með 12 % rakainnihaldi
(1)	(2)	(3)
1. Aflatoxín B ₁	Jarðhnetur, kópra, pálmahnetur, baðmullarfræ, babassú og maís ásamt aukaafurðum þeirra	0,2
2. Kadmíum	Fosföt	10 ⁽¹⁾
3. Arsen	Fosföt	20

(¹) Aðildarríkjunum er einnig heimilt að mæla fyrir um 0,5 mg hámarks kadmíummagn á hvern hundraðshluta fosfórs

B-HLUTI

(3. mgr. 3. gr. a)

Efni, afurðir	Fóðurefni
(1)	(2)
A. Efni (jónir eða frumefni)	
1. Arsen	Öll fóðurefni nema: — fosföt
2. Blý	Öll fóðurefni
3. Flúor	Öll fóðurefni
4. Kvikasilfur	Öll fóðurefni
5. Nítrít	Fiskimjöl
6. Kadmíum	Öll fóðurefni úr jurtaríkinu Öll fóðurefni úr dýraríkinu nema: — fóðurefni fyrir gæludýr
B. Afurðir	
1. Aflatoxín B ₁	Öll fóðurefni nema: — jarðhnetur, kópra, pálmahnetur, baðmullarfræ, babassú og maís ásamt aukaafurðum þeirra
2. Blásýra	Öll fóðurefni

Efni, afurðir	Fóðurefni
(1)	(2)
3. Óbundið gossýpól	Öll fóðurefni
4. Rokgjörn mustarðsolía	Öll fóðurefni
5. Grasdrjólaveppur (<i>Claviceps purpurea</i>)	Ómalað korn
6. Illgresisfræ og aldin, ómöluð og ómarin sem innihalda beiskjuefni, glúkósíð eða önnur eitrefni, ein sér eða saman, þar á meðal a) <i>Lolium temulentum</i> L., b) <i>Lolium remotum</i> Schrank, c) <i>Datura stramonium</i> L.	Öll fóðurefni
7. Laxerolíutrú — <i>Ricinus communis</i> L.	Öll fóðurefni
8. <i>Crotalaria</i> spp.	Öll fóðurefni
9. Aldrín 10. Díeldrín	} Öll fóðurefni
11. Kamferklór (toxafen)	Öll fóðurefni
12. Klórdan (summa sis- og transísómera og oxýklórdans, gefin upp sem klórdan)	Öll fóðurefni
13. DDT (summa DDT-, TDE- og DDE-ísómera, gefin upp sem DDT)	Öll fóðurefni
14. Endósúlfan (summa alfa- og beta-ísómera og endósúlfan-súlfats, gefin upp sem endósúlfan)	Öll fóðurefni
15. Endrín (summa endríns og delta-ketó-endríns, gefin upp sem endrín)	Öll fóðurefni
16. Heptaklór (summa heptaklórs og heptaklór-epoxíðs, gefin upp sem heptaklór)	Öll fóðurefni
17. Hexaklóróbensen (HCB)	Öll fóðurefni
18. Hexaklórósýklóhexan (HCH) 18.1. alfa-ísómer 18.2. beta-ísómer 18.3. gamma-ísómer	Öll fóðurefni Öll fóðurefni Öll fóðurefni
C. Grasafræðileg óhreinindi	
1. Apríkósa — <i>Prunus armeniaca</i> L.	Öll fóðurefni
2. Beisk mandla — <i>Prunus dulcis</i> (Mill.) D. A. Webb var. <i>amara</i> (DC.) Focke = <i>Prunus amygdalus</i> Batsch var. <i>amara</i> (DC.) Focke)	Öll fóðurefni
3. Óafhýdd beykihnetta — <i>Fagus silvatica</i> L.	Öll fóðurefni
4. Camelina — <i>Camelina sativa</i> (L.) Crantz	Öll fóðurefni

Efni, afurðir	Fóðurefni
(1)	(2)
5. Mowrah, Bassia, Madhuca — <i>Madhuca longifolia</i> (L.) Macbr. (= <i>Bassia longifolia</i> L. = <i>Illipe malabrorum</i> Engl.) <i>Madhuca indica</i> Gmelin (= <i>Bassia latifolia</i> (Roxb.) = <i>Illipe latifolia</i> (Roxb.) F. Mueller)	Öll fóðurefni
6. Purghera — <i>Jatropha curcas</i> L.	Öll fóðurefni
7. Krótón — <i>Croton tiglium</i> L.	Öll fóðurefni
8. Indverskur mustarður — <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. et Coss. ssp. <i>integrifolia</i> (West.) Thell	Öll fóðurefni
9. Sarystamustarður — <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. et Coss. ssp. <i>juncea</i>	Öll fóðurefni
10. Kínverskur mustarður — <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. et Coss. ssp. <i>juncea</i> var. <i>lutea</i> Batalin	Öll fóðurefni
11. Svartur mustarður — <i>Brassica nigra</i> (L.) Koch	Öll fóðurefni
12. Eþíópískur mustarður — <i>Brassica carinata</i> A. Braun	Öll fóðurefni